# STJÓRNARTÍÐINDI B 28 – 2000

2. mars 2000 351 Nr. 127

## REGLUGERÐ

**um sameiningu heilbrigðisstofnana.**

1. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að sameina Ríkisspítala og Sjúkrahús Reykjavíkur undir nafninu Landspítali, háskólasjúkrahús.

2. gr.

Stjórnarnefnd ríkisspítala sem skipuð er samkvæmt 1. málsgrein 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 skal vera stjórn hins sameinaða sjúkrahúss.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. málsl. 2. málsgr. 24. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 2. mars 2000.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Guðríður Þorsteinsdóttir.*

**Stjórnartíðindi B 28, nr. 127. Útgáfudagur 3. mars 2000.**

Gutenberg